

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 179/2023

frá 5. júlí 2023

um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn framselda reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/183 frá 23. nóvember 2022 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6 að því er varðar kröfur um að góðum starfsvenjum við rannsóknir sé fylgt fyrir dýralyf sem settar eru fram í II. viðauka við þá reglugerð ⁽¹⁾.
- 2) II. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi undirlið er bætt við 22. lið (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/6) í XIII. kafla II. viðauka við EES-samninginn:

„– **32023 R 0183**: Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2023/183 frá 23. nóvember 2022 (Stjtið. ESB L 26, 30.1.2023, bls. 7).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti framseldrar reglugerðar (ESB) 2019/6, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgildur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 6. júlí 2023, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

⁽¹⁾ Stjtið. ESB L 26, 30.1.2023, bls. 7.

(*) Stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

Gjört í Brussel 5. júlí 2023.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Pascal Schafhauser

formaður

ÓOPINBER BÝÐING